

Minnisblað

Dagsetning: 10. nóvember 2020
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2020. Verkefni 11 – Tjörneslögin.

Tjörneslögin eru á náttúruminjaskrá¹ en Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að þau fari inn á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Í tillögum Náttúrufræðistofnunar segir:

„Á Tjörnesi er að finna ein merkustu jarðlög á Íslandi sem jafnframt hafa mikið alþjóðlegt vísindagildi. Sambærilegar jarðmyndanir er ekki að finna annarsstaðar á landinu. Í lögunum má finna hraunlög, ár- og vatnaset, surtarbrand, sjávarset með steingervingum og jökulbergslög. Hraunlög og setlög á Tjörnesi endurspeglar loftslagsbreytingar í upphafi ísaldar og varðveita myndanir frá jökulskeiðum og hlýskeiðum ísaldar sem finnast óvísða annarsstaðar í heiminum.“²

Á síðustu árum hefur ferðaþjónusta verið byggð upp í Tungulendingu, gamallri útgerðarstöð neðan við sjávarbakkann. Þar er gott aðgengi að steingervingalögum sem sjást þar mjög vel.

Framkvæmd 2020

Ingvar Atli Sigurðsson, Olga Kolbrún Vilmundardóttir og Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir fóru á svæðið 27. ágúst. Við Tungulendingu voru valin nokkur snið til ljósmyndavöktunar. Þar voru teknar ljósmyndir og staðsetning þeirra hnitsett. Ekki var talið ákjósanlegt að mynda svæðið með flygildi eftir fyrirfram ákveðnum ferli þar sem sjávarbakkar eru brattir og slík myndgögn því ekki líkleg til að skila árangri.

Frumgögnum; eyðublöðum, GPS skrám og myndgögnum hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar en það á eftir bæta skráningu við einstakar myndir. Áfram verður unnið í verkefninu í vetur.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Vegslóðin að Tungulendingu liggur í gegnum jarðlögin og er mesta raskið vegna þeirrar vegagerðar en einnig er rof neðan vegarins, að einhverju leyti af völdum sjávargangs. Þegar komið er niður fyrir sjávarbakkann sjást jarðlögin vel. Líklega er eitthvað um söfnun steingervinga á svæðinu en óvíst er hversu umfangsmikil hún er. Hægt er að ganga meðfram sjónum frá Tungulendingu og suður að Skeifarfossi og mótur þar fyrir ómerktri gönguleið. Þar á leiðinni má einnig sjá surtarbrandsleifar en kolanámur voru á svæðinu á fyrri hluta 20. aldar.

¹ Umhverfisstofnun ártal vantar. Sótt 20. október 2020 af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/nord austurland/>

² Náttúrufræðistofnun Íslands ártal vantar. Sótt 19. október 2020 af <https://www.ni.is/node/21672>



Stór lúpínubreiða þekur efsta hluta sjávarbakkans fyrir ofan Tungulendingu og skríður lúpínan smátt og smátt niður brattan bakkann í átt til sjávar. Nokkur hreyfing er á jarðvegi í brekkunni og þarf að laga veginn á hverju vori.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Lagt er til að hefja myndvöktun á völdum sniðum við Tungulendingu. Seinna er hægt að fara á aðra staði ef í ljós kemur að stórfelld söfnun á sér stað á svæðinu. Taka þarf yfirlitsmyndir með flygildi af sjávarbakkanum neðan til, þ.e. fremur láréttar myndir en lóðréttar og nota til myndvöktunar.

Vinnuframlag og ferðakostnaður Náttúrustofunnar

Tímabil	Vinnutímar			
	Gagnasöfnun	Umsjón og úrvinnsla	Fæðispeningar	Akstur
1.júní – 10. nóvember 2020	4	7		
Alls	4	7		

Vinnuframlag og kostnaður starfsmanna Náttúrufræðistofnunar var ekki skráður hjá Náttúrustofu Norðausturlands.